

1874.

26. maí.

verið erfið, og hefði hvorttveggja málið bæði að málafærslu til og dómi verið alveg samkynja. Þér hafið því að eins ávísað hverjum af hinum settu dómendum 20 rd. fyrir tvö mál, og að öðru leyti eptir tilmælum þeirra skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort þeir ætti tilkall til meira, en jafnframt hafið þér borið upp, hvort eigi væri ástæða til að fara þess á leit, að ákvörðunin í úrskurðinum frá 1816 verði úr gildi numin.

Útaf þessu gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið getur eigi sèð betur, en að hær sè í raun og veru um fjögur mál að ræða, en þar fyrir finnst eigi vera ástæða til að gjöra nokkra breytingu á úrskurði þeim, sem þér, herra landshöfðingi, hafið lagt á málið, með því úrskurðurinn frá 1816 eigi veitir þeim, sem settir eru, nokkurn rétt til þess að fá þóknun fyrir hvert mál, heldur að eins felur stiptamtmanni vald til að veita þeim slíka þóknun.

Þegar úrskurðurinn er skilinn á þessa leið, finnst stjórnarráðinu eigi heldur vera næg ástæða til, að fara þess á leit, að hann verði úr gildi tekinn, og það því síður, sem þegar lítið er til þess atviks, sem gjörði, að þessi úrskurður kom út, verður að beita honum, ef aðrir verða settir en embættismenn.

26. maí.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ávörp til konungs.¹

Með bréfum, dagsettum 2. og 6. þ. m., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað tvö þegnleg þakkarávörp til hans hátignar konungsins í tilefni af stjórnarskránni um hin sérstaklegu mál-efni Íslands 5. janúar þ. á.; var annað þeirra frá alþingismönnum þeim, sem búsettir eru í Reykjavík og þar í grennd, og frá embættismönnum og borgurum í nefndum bæ, en hitt frá íbúum suðurhluta Gullbringusýslu, og hefir mæð veizt sú sæmð, að færa

¹) Þetta bréf er prentað á Íslenzku í Þjóðólfi, 26. Árg., 33. blað, en er þar nokkuð öðruvísi en hær.

hans hátign konunginum þessi ávörp og lesa þau fyrir honum, 16. dag þ. m.

1874.

26. maí.

Hans hátign konunginum þóknadist allramildilegast að bjóða mér, að fela yður, herra landshöfðingi, á hendur, að færa þeim mönnum, er ritað höfðu nöfn sín undir ávörpin, það svar, að eins og það hefði verið honum geðfellt og gleðilegt að heyra fram fluttar þær hollustu tilfinningar, sem ávörp þessi votta um, eins treysti hann því fastlega, að stjórnarbót sú, er hann í fullu trausti til hins staðfasta frjálsslyndis sinna kæru Íslendinga, hefir veitt Íslandi, muni einmitt vegna þessara tilfinninga, er hann reiði sig á að sé almennar á landinu, verða því til blessunar og efla farsæld þess um ókominn tíma.

Hans hátign konungurinn bætti því við, að eins og það sérilagi hefði verið sér kært, að geta tengt þá hina nýju stjórnarskrá við þúsund ára hátíð Íslands, eins væri það ósk hans og von — svo framarlega sem aðrar stjórnar-annir verði því ekki til fyrirstöðu — að koma til Íslands á sumri þessu, til þess að taka sjálfur þátt í fögnuði þjóðarinnar yfir minningu hins umliðna og vonum hins ókomna tíma.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um byggingu fangelsa.

26. maí.

Til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 16. f. m. gefum vèr yður til vitundar, að dómsmálastjórnin hefir gjört samning þann, sem vèr nú sendum yður endurrit af, við timburmeistara *Klentx* um byggingu fangelsis og þinghúss og ráðstofu á Akureyri og fjögura fangelsa á þessum stöðum: Húsavík, Eskifirði, Stykkishólmi og Ísafirði, og að *Klentx* samkvæmt þessu ætti jafn-skjótt og unnt er að senda skip til tæðra hafna með efni í byggingar þessar; hefir stjórnarráðið jafnframt þessu sent amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og sýslumönnum í þeim sýslum, þar sem byggja skal þessi fjögur fangelsi, er síðast var getið, þína leið endurrit af samningi þeim, sem gjörður er, með